

**FORSÆTISNEFND 27. FEBRÚAR 2026 - Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að laun fyrsta varaborgarfulltrúa falli niður sitji hann hvorki í nefnd né ráði - MSS23010278**

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að breytingar verði gerðar á samþykkt um kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að 12. grein verði svohljóðandi: Fyrsti varamaður hvers framboðslista eða sá fulltrúi framboðslista sem tilnefndur er sem slíkur og sinnir verkefnum fyrir framboðslistann samkvæmt ákvörðun hans, sem fulltrúa á í borgarstjórn fær greidd föst laun sem nema 70% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Innifalið í þessu eru, á sama hátt og skv. 3. gr., greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar með þeim fyrirvörum sem þar eru tilgreindir, þ.m.t. um skerðingu grunnlauna. Sitji fyrsti varaborgarfulltrúi hvorki í nefnd í flokki I né flokki II falla föst laun hans niður. Er þá aðeins greidd þóknun í samræmi við ákvæði 19. gr. þegar varaborgarfulltrúinn tekur sæti í borgarstjórn. Ákvæði samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um starfskjör fyrstu varamanna framboðslista eftir því sem við á.